

Alþingi
Erindi nr. P 141/1577
komudagur 14.2.2013

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Mosfellsbær, 14. Febrúar 2013

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, mál nr. 323

Tillagan um að styðja karlmann utan fjölskylduformgerðarinnar sem vill fá fram faðernispróf er takmarkandi og brýtur gegn réttindum hinnar tilorðnu fjölskyldu. Lögin gefa hjónum rétt til að vera foreldrar börnum sínum. Með þessari lagabreytingu verða einmitt þessi sömu réttindi sem veitt voru hinum lagalega föður tekin frá honum af ókunnugum manni sem getur sett fram kröfu á grundvelli erfða einvörðungu. Hinar tillögðu breytingar eru veikar þar sem þær sýna ekki fram á kosti þess að umbreyta fjölskyldueiningunni á þennan ágenga hátt. Þær bjóða ekki upp á lausn á þeim nýju vandamálum sem þær skapa.

Tillaga þessi fjallar um rétt barna til að þekkja báða foreldra sína og framfylgir honum með því að taka burt réttindi núverandi föður og veita þau einhverjum öðrum. Þau tilvik þar sem líffræðilegur faðir var ekki í tengslum við barn frá fæðingu eru áhyggjuefni og ætti að athuga. Það að setja barnið í umsjá barnaverndarkerfisins og svipta lagalegum föður réttindum mun hafa alvarlegar afleiðingar og það er ekki barninu í hag.

Þegar fjölskylda hefur þegar orðið til, hvaða varúðarráðstafanir og aðgát er viðhöfð til að halda fjölskyldueiningunni saman? Hvaða þjáningar mun barnið þola við að þóknast dómstólum og breyta nafni sínu, lagalegs föður síns, og vera kynnt fyrir einhverjum sem hugsanlega er ekki hæfur til að vera foreldri? Vinsamlegast íhugið hvers vegna einhver ætti að vera hindraður í að hitta barn eða yfirleitt, hvers vegna var líffræðilegi faðirinn ekki með frá upphafi? Eftir að líffræðilegur karlmaður hefur hundsáð foreldraskyldur sínar í mörg ár, getur hann þá gripið inn og eignað sér barn?

Með þessari lagabreytingu er horfið frá því að styðja við fjölskyldueininguna og neitað að viðurkenna að fjölskylduformgerðin sé mikilvæg og í raun stuðlað að mannréttindabrotum. Með henni er lögð áhersla á að eyðileggja frekar en samþætta. Hvar er þess getið að réttindi núverandi föður skuli halda sér, sem studdi barnið fjárhagslega, tilfinningalega og lagalega árum saman? Hvaða skilaboð færið þið börnum með því að neita föður þeirra um öll réttindi og neyða þau til að heimsækja ókunnugan mann? Er ekki til mildari leið til að kynna barn fyrir tveimur feðrum?

Sérhvert barn á rétt á að vita hvaðan það kemur og er ættað. Ekki þarf að breyta lögum til að það sé kleift. Nú þegar getur móðirin eða barnið gert það. Með því að breyta þessum lögum núna er brotið á réttindum hinnar tilorðnu fjölskyldu, þ.m.t. barnanna sem koma við sögu en enn meira á þeim eina föður sem barnið hefur nokkur tíma þekkt. Fjölskyldur ráðast ekki af blóðböndum. Þessi tillagða breyting er skref afturábak fyrir réttindi feðra sem munu nú missa lagaleg réttindi til barna sinna. Hvetjum við ekki kjörbörn til að taka fagnandi foreldrum sem ekki eru líffræðilega bundnir þeim?

Virðingarfyllst,

Magnus Simonarson

Magnús Símonarson